

Nd.

213. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum nr. 18 26. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

4. og 5. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti kostnað við mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—4. lið.

Kostnað við framkvæmdir samkv. 1. gr., 5. lið, greiðir ríkissjóður að 7/8 hlutum, en sýslusjóður Rangárvallasýslu að 1/8 hluta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum 3—4 áratugum hafa stórkostlegar framkvæmdir átt sér stað á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárbíngi. Þar hefur verið unnið að tvíþættu verkefni: annars vegar að því að bæta og tryggja samgöngur í stórum hluta héraðsins og hins vegar að verjast með öllum tiltækum ráðum ágangi stórvatna og ýta flaumnum brott af stórum landssvæðum.

Þetta hefur mjög verulega tekizt. Með byggingu margra varnargarða, stórra og smárra, hefur landinu verið forðað frá gereyðingu, m. a. fjölda ábýlisjarða í mörgum hreppum. Þar sem áður var beljandi árflaumur, gráir aurflákar og svartir sandar, hefur land gróið upp eða grær sem óðast. Með brúabyggingum og fyrirhleðslum hefur tekizt að koma upp öruggu samgöngukerfi.

Allar þessar margvíslegu og stórfelldu framkvæmdir hafa byggzt á löggjöf um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæðinu, og hefur háttv. Alþingi jafnan sýnt málum þessum mikilsverðan áhuga og skilning og ævinlega komið til hjálpar, þegar leitað var eftir.

Öll þessi mannvirkjagerð hefur að sjálfsgöðu haft í för með sér mikinn kostnað, sem ríkissjóður hefur að verulegu leyti staðið undir. En þó hefur nokkur hluti kostnaðar af framkvæmdum fallið í greiðsluhlut sýslunnar og henni borið að greiða ýmist 1/4 hluta eða 1/8 eftir því, hver framkvæmdin var.

Í framtíðinni verður að sjálfsgöðu höfuðverkefnið að sinna nauðsynlegu viðhaldi mannvirkjanna, svo að eigi falli í sama far. Sýnast þær aðgerðir að miklu leyti varða samgöngumálin á vatnasvæðinu. Fyrir þá sök þykir ekki ósanngjarnt, að kostnaðarhluti héraðsins falli niður af mannvirkjagerð, annarri en þeirri, sem lýtur að byggingu flóðgátta til vatnsmiðlunar. Þar kæmi til greiðslu af héraðsins hálfu 1/8 hluti. Þessari breytingu á greiðslu kostnaðarins stefnir frumvarpið að. Ef að lögum yrði, gætur hún reynzt sýslufélaginu mikils virði, en skiptir væntanlega ríkissjóð ekki svo að neinu nemi.